



5. október 2023

Tilv.: 2309047

Númer: 37/2023

Dreifibréf til tilkynningarskyldra aðila skv. a - k lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018

b.t. ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

**Efni: Viðmiðunarreglur EBA um stefnu og stýringar fyrir skilvirka stýringu áhættu vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka í tengslum við aðgang að fjármálaþjónustu**

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um stefnu og stýringar fyrir skilvirka stýringu áhættu vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka í tengslum við aðgang að fjármálaþjónustu (e. Guidelines on policies and controls for the effective management of money laundering and terrorist financing (ML/TF) risks when providing access to financial services, EBA/GL/2023/04<sup>1</sup> (hér eftir viðmiðunarreglurnar).

Viðmiðunarreglunum er ætlað að leiðbeina tilkynningarskyldum aðilum um stefnur, verkferla og stýringar sem þeir eiga að búa yfir til að milda og stýra með skilvirkum hætti hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. 5. gr. a laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Viðmiðunarreglunum er jafnframt ætlað að skýra samspilið milli aðgangs að fjármálaþjónustu og þeirra skyldna sem lagðar eru á tilkynningarskylda aðila í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti. Í því sambandi veita þær m.a. leiðbeiningar um til hvaða ráðstafana skuli gripið þegar teknar eru ákvarðanir um hvort hafna eða hætta eigi viðskiptum við tiltekna viðskiptamenn á grundvelli hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eða þeirra aðgerða sem tilkynningarskyldi aðilinn hefur ákveðið að viðhafa.

Í fyrsta kafla viðmiðunarreglnanna kemur fram að tilkynningarskyldir aðilar skuli haga stefnu sinni, stýringum og verkferlum á þann hátt að þeim sé gert kleift að bera kennsl á viðeigandi áhættuþætti og meta hættu tengda peningabætti og fjármögnun hryðjuverka tengda samningssamböndum í samræmi við viðmiðunarreglur EBA um áhættuþætti<sup>2</sup>. Þá skuli tilkynningarskyldir aðilar á áhættumiðuðum grundvelli setja sér stefnu og verklag sem tryggir að nálgun þeirra við áreiðanleikakönnun á upplýsingum um viðskiptamenn leiði ekki til þess að viðskiptamönnum sé á ótilhlýðilegan hátt neitað um lögmætan aðgang að fjármálaþjónustu.

Í öðrum kafla viðmiðunarreglnanna er fjallað um aðlögun á umfang og tíðni eftirlits. Fram kemur að tilkynningarskyldir aðilar skuli setja fram í stefnum sínum og verklagsreglum

<sup>1</sup> [Guidelines on MLTF risk management and access to financial services.pdf \(europa.eu\)](#)

<sup>2</sup> [EBA GL 2021 02 - consolidated \(amended by EBA GL 2023 03\) EN.docx \(europa.eu\)](#)

hvernig fyrirhugað er að aðlaga umfang og tíðni eftirlits í samræmi við þá áhættu sem hefur verið greind og tengist viðskiptamönnum og áhættusniði þeirra, eins og fram kemur í viðmiðunarreglum EBA um áhættuþætti. Tilgreindir eru þeir lágmarksþættir sem felast eiga í eftirlitinu til þess að stýra á skilvirkan hátt, hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í tengslum við viðskiptamenn.

Í þriðja kafla viðmiðunarreglnanna er fjallað nánar um takmarkanir á aðgengi að vöru og þjónustu. Í því sambandi er kveðið á um að stefna og verklagsreglur tilkynningarskyldra aðila skuli, þar sem landslög leyfa, hafa að geyma valkosti og viðmið um aðlögun á eiginleikum vöru eða þjónustu á einstaklings- og áhættumiðuðum grundvelli. Þessir valkostir ættu að fela í sér að bjóða upp á greiðslureikninga með grunneiginleikum, þar sem skylt er að bjóða upp á slíka reikninga eða að setja sérhæfðar takmarkanir á vörur og þjónustu, þar sem landslög heimila það, s.s. varðandi fjárhæð, tegund eða fjölda millifærslna eða umfang viðskipta til og frá þriðju ríkjum, sérstaklega þau sem eru tengd meiri hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Að lokum skulu stefnur og verklag tilkynningarskyldra aðila samkvæmt fjórða kafla viðmiðunarreglnanna tilgreina að þegar tilkynnt er um þá ákvörðun að hafna eða slíta samningssambandi við viðskiptamann eða hugsanlegan viðskiptamann, beri þeim að upplýsa viðkomandi um rétt sinn til að leita til viðeigandi lögbærs stjórnvalds sem leysir úr deilumálum.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samræmdri, skilvirkri og árangursríkari eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands beinir því til tilkynningarskyldra aðila að kynna sér viðmiðunarreglurnar og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Viðmiðunarreglurnar taka gildi 7. nóvember nk. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga, sem fjallað er um hér að framan, er fullnægt. Fjármálaeftirlitið mun halda kynningu síðar á efni viðmiðunarreglnanna.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabanka Íslands ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllst,

SEDLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir  
framkvæmdastjóri  
háttsemiseftirlit

Helga Rut Eysteinsdóttir  
lögfræðingur  
háttsemiseftirlit

